

LAGNING 66 KV JARÐSTRENGS MILLI HÚSAVÍKUR OG ÞEISTAREYKJA

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum allt að 200 MW jarðhitavirkjunar á Þeistareykjum dags. 24. nóvember 2010 en í því álti er fjallað um áhrif af lagningu þeirra vega sem fyrirhugaður 66 kV jarðstrengur milli Húsavíkur og Þeistareykja á að liggja. Skipulagsstofnun telur að áhrif af lagningu strengsins, umfram þau áhrif sem fyrir liggur að veglagning muni hafa, komi til með að verða óveruleg m.t.t. sjónrænna áhrifa og áhrifa á landslag, jarðmyndanir, gróður og vatnsverndarsvæði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning 66 kV jarðstrengs milli Húsavíkur og Þeistareykja í Þingeyjarsveit og Norðurþingi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings og Þingeyjarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leyfi Orkustofnunar þarf fyrir nýjum raflínunum sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri skv. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 en áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að heiti framkvæmdaraðila og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 21. maí 2012.

13. apríl 2012

INNGANGUR

Þann 12. mars 2012 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ ráðgjöf, fyrir hönd Landsnets, um lagningu 66 kV jarðstrengs milli Húsavíkur og Þeistareykja í Þingeyjarsveit og Norðurþingi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurþings, Þingeyjarsveitar, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Norðurþingi með bréfi dags. 10. apríl 2012, Þingeyjarsveit með bréfi dags. 27. mars 2012, Orkustofnun með bréfi dags. 3. apríl 2012 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. mars 2012.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða lagningu um 22 km jarðstrengs í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga verður lagður um 12 km langur strengur í virkjunarveg frá Höfuðreiðarmúla að Þeistareykjum og verður strengurinn lagður samtímis vegaframkvæmdum. Í síðari áfanga verður jarðstrengur lagður frá Höfuðreiðarmúla með Reykjaheiðarvegi að Húsavík, um 20 km leið, annað hvort í veginn sjálfan eða vegöxl. Í framlögðum gögnum framkvæmdaradila kemur fram að tilgangur með framkvæmdunum sé annars vegar að leiða rafmagn að virkjunarsvæðinu á Þeistareykjum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við virkjun á svæðinu. Hins vegar sé um að ræða framtíðartengingu Kópaskerslínu 1 og þar með Laxárvirkjunar, við landsnetið.

Fram kemur að grafinn verði um 1,2 m djúpur og breiður skurður vegna jarðstrengsins og verði einnig lagt rör fyrir ljósleiðara í skurðinn. Fram kemur að jarðstrengurinn verði lagður í í sand og sé áætlað að um 5.400 m³ af sandi þurfi í fyrri áfanga verksins en ekki liggi fyrir efnisþörf fyrir síðari áfanga en efnið verði tekinn úr námum í rekstri. Fram kemur að við Höfuðreiðarmúla verði jarðstrengurinn tengdur við Kópaskerslínu 1 með svokallaðri T-tengingu og þar víki strengurinn af vegi og liggi meðfram Kópaskerslínu 1 í sérstakri fyllingu að næstu staurastæðu um 100 m til vesturs frá veginum. Ekki sé þörf á spennum vegna T-tengingar og því verði engin olía á svæðinu.

Fram kemur lagning jarðstrengs í virkjunarveg og í vegöxl muni valda óverulegum umhverfisáhrifum, umfram þau áhrif sem tilkomin séu eða verða vegna vegagerðar. Áhrif jarðstrengs á gróður, jarðmyndanir, landslag og vatnsvernd verði því óveruleg.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að vinna við fyrri áfanga hefjist vorið 2012 en óvíst sé hvenær ráðist verði í framkvæmdir við síðari áfanga verksins.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Í umsögnum Norðurþings, Þingeyjarsveitar, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu jarðstrengs í tveimur áföngum í virkjunarveg eða vegöxl frá Þeistareykjum að Húsavík, um 20 km leið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar

um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum allt að 200 MW jarðhitavirkjunar á Þeistareykjum dags. 24. nóvember 2010 en í því álti er fjallað um áhrif af lagningu þeirra vega sem fyrirhugað er að leggja jarðstrenginn í. Skipulagsstofnun telur að áhrif af lagningu strengsins, umfram þau áhrif sem fyrir liggur að veglagning muni hafa, komi til með að verða óveruleg m.t.t. sjónrænna áhrifa og áhrifa á landslag, jarðmyndanir, gróður og vatnsverndarsvæði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning 66 kV jarðstrengs milli Húsavíkur og Þeistareykja í Þingeyjarsveit og Norðurþingi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings og Þingeyjarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leyfi Orkustofnunar þarf fyrir nýjum raflínnum sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri skv. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 en áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að heiti framkvæmdaraðila og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 21. maí 2012.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson